

Mýrdalshreppur
Austurvegi 17
870 Vík, Mýrdal

Reykjavík, 5.6.2025
UOS2502298/F.T.
11.14.02

Mýrdalshreppur – Áminning og krafa um úrbætur

Umhverfis- og orkustofnun vísar í bréf dags. 7.3.2025, þar sem stofnunin áformaði að áminna Mýrdalshrepp vegna frávika er skráð voru í eftirliti á urðunarstað Mýrdalshrepps við Uxafótarlæk. Frávikin sem fjallað var um í bréfinu voru frávik skráð í eftirliti annars vegar þann 12. júní 2024 og hins vegar eldri frávik sem skráð voru í eftirlitum fyrri ára.

Eldri frávik eru eftirfarandi:

1. Grein 2.1 í starfsleyfi. Aðgangur að urðunarstaðnum skal vera takmarkaður, bæði svæðin girt af með girðingum sem hindra aðgang og ólöglega losun úrgangs. Hlið skulu lokuð nema þegar starfsemi fer fram.
Hlið norðan þjóðveggar var opið og engin starfsemi í gangi. Frávikið var skráð árin 2019 og 2023.
2. Grein 5.3 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. grein 5.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár.
Engar skráningar lágu fyrir við eftirlit. Frávikið var skráð árin 2019 og 2023.
3. Grein 5.1 í starfsleyfi.
Ekki liggja fyrir skráningar frá síðasta rekstrarári. Frávikið var skráð árið 2023.

Frávik sem skráð voru í eftirliti 2024 eru eftirfarandi:

1. Grein 1.2 í starfsleyfi. Óheimilt er að geyma úrgang á urðunarstaðnum. Ennfremur, sbr. grein 1.4. í starfsleyfi, þá skal rekstraraðili upplýsa útgefanda starfsleyfis tímanlega um allar fyrirhugaðar breytingar á eðli, virkni eða umfangi starfseminnar sem geta haft afleiðingar fyrir umhverfið sbr. 13. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Við áform um slíkar breytingar skal útgefandi starfsleyfis endurskoða starfsleyfi eftir því sem við á.
Á urðunarstað er til geymslu efni til vegaframkvæmda frá öðrum rekstraraðila, sem er óheimilt.
2. Grein 4.5 í starfsleyfi. Úrgang skal leggja í urðunarrein og ekki skal vera nema ein urðunarrein í notkun hverju sinni fyrir hvern úrgangsflokk.
Úrgangi inn á urðunarstað hefur verið komið fyrir á yfirborði urðunarstaðar,

úrgangshaugar hafa staðið óhreyfðir lengi og eru ekki urðaðir sbr. verklagi starfsleyfis.

Umhverfis- og orkustofnun veitti frest til að senda inn tímasetta áætlun um úrbætur eða koma sjónarmiðum sínum á framfæri vegna framangreindra frávika til 21.3.2025. Stofnuninni hafa ekki borist viðbrögð vegna málsins, hvorki tímasett áætlun um úrbætur né staðfesting á því að úrbætur hafi farið fram og veitir því rekstraraðila áminningu, sbr. 2. tl. 1. mgr. 60. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Jafnframt er gerð krafa um úrbætur. Umhverfis- og orkustofnun veitir rekstraraðila frest til 19.6.2025 nk. til þess að skila inn tímasettri áætlun um úrbætur eða koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Verði rekstraraðili ekki við kröfum Umhverfis- og orkustofnunar um úrbætur innan tilskilins frests er stofnuninni heimilt að ákveða rekstraraðila dagsektir allt að 500.000 kr. á dag þar til úr er bætt, sbr. 1. mgr. 61. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 2. mgr. 61. gr. reglugerðar nr. 550/2018, með síðari breytingum. Þær aðgerðir yrðu áformaðar sérstaklega og andmælafrestur veittur.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að heimilt er að vísa ákvörðun þessari til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru fer samkvæmt lögum nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgnina verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 1410/2023, með síðari breytingum. **Gjaldið er 83.200 kr.**

Vakin skal athygli á því að áminning þessi verður birt á vefsíðu Umhverfis- og orkustofnunar. Jafnframt mun stofnunin birta á vefsíðu sinni sjónarmið rekstraraðila.

Virðingarfyllst,

Frigg Thorlacius

lögfræðingur

Lilja Ólafsdóttir

sviðsstjóri